

Aðili	inntak	viðbrögð
Míla	Míla gerir engar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi.	engin viðbrögð
Skipulagsstofnun	Skipulagsstofnun bendir á að Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Minnt er á að þegar aðalskiplagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskiplagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.	Gerð verði grein fyrir Landsskipulagsstefnu og stafrænum gögnum verði skilað inn tímanlega.
Umhverfisstofnun	þarf að fjalla um hvaða vatnshlot eru innan sveitarfélagsins og setja inn vatnshlotanúmer þeirra. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert er núverandi ástand þess.	Fjallað verður um vatnshlot
Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari ábendingum síðar á ferlinu.	engin viðbrögð
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Gerir ekki athugasemd	engin viðbrögð
Kadeco	engar athugasemdir	Engin viðbrögð
Svæðisskiplagsnefnd Suðurnesja	engar athugasemdir	Engin viðbrögð

Reykjanesbær  
Gunnar Kristinn Ottósson  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 13. júní 2024

Tilvísun: 202405118 / 3.2

## Efni: Lýsing og vinnslutillaga fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna lághitahola við Vogshól og Njarðvíkurheiði ásamt deiliskipulagi fyrir borholur á Vogshól og Njarðvíkurheiði.

Reykjanesbær hefur, með erindi dags. 30. maí 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu og vinnslutillögu, dags. apríl 2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögur að tveimur deiliskipulögum sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagstillögu er að marka stefnu um tvö 1 ha iðnaðarsvæði I10 og I11 fyrir lághitaborholur á Vogshóli og Njarðvíkurheiði. Deiliskipulagssvæðin verða 0,5 ha hvort með 2.430 m<sup>2</sup> borteig. Aðkoma að Vogshól er frá Vogshóls-götu, og að Njarðvíkurheiði frá Stapafellsnámuvegi.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar og bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar fyrir mótun tillögu:

- Skipulagsstofnun bendir á að Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028 var nýlega samþykkt á Alþingi og því er mikilvægt að stefnan taki mið af þeim áherslum sem þar er að finna.
- Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við lýsingu fyrir deiliskipulagstillögu en bendir á eftirfarandi.

- Nýtt deiliskipulag fyrir lághitaholur á Njarðvíkurheiði er í auglýsingu á Skipulagsgátt frá 29. maí til 5. júlí 2024. Skipulagsstofnun bendir á að auglýsa skal aðalskipulagsbreytingu áður eða samhliða auglýsingu á samsvarandi deiliskipulagi. Í auglýsingu deiliskipulagstillögunnar skal þá jafnframt gerð grein fyrir hvaða málsmeðferð aðalskipulagsbreytingin hefur hlotið og tímafrestum fyrir athugasemdir við hana ef við á. Þegar tillaga að aðalskipulagsbreytingu verður auglýst og tillaga að deiliskipulagi fyrir lághitaholur við Vogshól þarf því að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir lághitaholur á Njarðvíkurheiði á nýjan leik.

Guðjón Erlendsson

Reykjanesbær  
Gunnar Kristinn Þór Ottósson  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 14. júní 2024  
UST202405-308/R.K.  
10.04.02

### **Efni: Umsögn - Aðalskipulag - Breyting - Lághitaholur Vogshól og Njarðvíkurheiði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna Lághitahola á Vogshól og Njarðvíkurheiði.

#### **Vatnamál**

Umhverfisstofnun bendir á að aðalskipulagsáætlunin þarf að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í lögum um stjórn vatnamála og vatnaáætlun. Umhverfisstofnun bendir á að fjölmargar framkvæmdir geta haft áhrif á vatn, eins og virkjanir, skógrækt, vatnstaka, efnistaka, fráveita og vegagerð. Umhverfisstofnun vill benda á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, þungamiðjan í þeim lögum er sú krafa að öll vatnshlot skuli vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla. Því þarf að fjalla um hvaða vatnshlot eru innan sveitarfélagsins og setja inn vatnshlotanúmer þeirra. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið og hvert er núverandi ástand þess. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inn á vatnavefsjá. Meta þarf áhrif skipulagsins á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfsemi eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllst,

Ríkey Kjartansdóttir

**sérfræðingur**

Halla Einarsdóttir

**teymisstjóri**

Reykjanesbær  
Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Garðabær, 18. júní 2024  
Málsnúmer: 202405-0057  
LA

## Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagstillögur fyrir lághitaborholur við Vogshól og Njarðvíkurheiði í Reykjanesbæ

Vísað er í tölvubréf frá Reykjanesbæ, dags. 30. maí 2024, í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á landnotkun aðalskipulags og nýs deiliskipulags fyrir lághitaborholur við Vogshól og Njarðvíkurheiði.

Markmiðið með aðalskiplagsbreytingunni er að breyta landnotkun úr opnu svæði við Vogshól og óbyggðu svæði við Njarðvíkurheiði í iðnaðarsvæði. Iðnaðarsvæðin tvö, I-10 og I-11, verða hver um sig um 1 ha að stærð með lághitaborholum sem fyrirhugað er að þjóni sem varaleið heitavatnsframleiðslu á Reykjanesi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og telur að þar komi fram helstu þættir sem fjalla þarf um við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. Fyrirhuguð iðnaðarsvæði eru ekki á eða í nálægð svæða á náttúruminjaskrá. Iðnaðarsvæðið við Njarðvíkurheiði; I-11, er staðsett við nútímahraun, Sandafellshæð, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Ekki er talið líklegt að iðnaðarsvæðið muni hafi mikil áhrif á verndargildi hraunsins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari ábendingum síðar á ferlinu.

Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið





Heilbrigðiseftirlit  
Suðurnesja

Reykjanesbær  
B/t: Gunnar Kristinn Þór Ottósson  
Tjarnagata 12  
230 Reykjanesbær

Reykjanesbæ 19. júní 2024

**Efni: Lághitaholur Vogshól og Njarðvíkurheiði, nr. 620/2024: Breyting á aðalskipulagi.  
Umsögn HES.**

Vísað er til erindis sveitarfélagsins, dags. 29. maí sl., þar sem óskað er umsagnar í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar um fyrirhugaða breytingu fyrir nýtt iðnaðarsvæði við Vogshól og á Njarðvíkurheiði fyrir lághitaborholur.

Samkvæmt gögnum embættisins er um óröskuð svæði að megninu til að ræða. Bent er á að jarðboranir eru starfsleyfisskyldar hjá heilbrigðisnefndum samkvæmt viðauka IV. í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þann 22. febrúar sl. gaf Umhverfisstofnun út bráðabirgðaheimild til jarðborunar á umræddum reitum. Borun hefur farið fram og er lokið á reitnum á Njarðvíkurheiði.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti sem helst eiga við starfssvið þess og gerir ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulaginu.

Virðingarfyllt,

*J. Trausti Jónsson*

J. Trausti Jónsson, heilbrigðisfulltrúi.

Reykjanesbær  
B.t. Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ, 4. júlí 2024

**Efni: Umsögn Kadeco á deiliskipulagi fyrir lághitaholur við Vogshól og Njarðvíkurheiði.**

Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, gerir ekki athugasemdir við auglýstar deiliskipulagstillögur fyrir lághitaholur við Vogshól og Njarðvíkurheiði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.  
Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri



## 47. fundur

47. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 13. júní 2024, kl. 16:00. Fundurinn er haldinn í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar K. Ottósson, Einar Jón Pálsson, Hera Harðardóttir, Guðmundur Björnsson, Andri Rúnar Sigurðsson, Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Björn Edvardsson, Laufey Erlendsdóttir, Atli Geir Júlíusson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.


Gestir fundarins eru Stefán Gunnar Thors og Herdís Sigurgrímsdóttir frá VSÓ.

Forföll boðuðu þeir: Fannar Jónasson, Lilja Sigmarsdóttir, Davíð Viðarsson og Gunnar Axel Axelsson, Eysteinn Eyjólfsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.



Dagskrá:

### 1. Fundur með Veðurstofu Íslands.

*Formaður sagði frá fundi formanns, varaformanns og ritara sem haldinn var með Veðurstofu Íslands 31. maí. Fulltrúar nefndarinnar fengu góðar ábendingar varandi svæðisskipulagið. Þær fólust m.a. í eftirfarandi atriðum:*



# SVÆÐISSKIPULAG SUÐURNESJA 2008 - 2024





SVÆÐISSKIPULAG  
SUÐURNESJA  
2008 - 2024

2. Greinargerð Svæðisskipulags Suðurnesja – kynning á drögum. Stefán Gunnars Thors. *Stefán Gunnar fór yfir drög að efnisyfirliti Svæðisskipulags Suðurnesja og megininntak greinargerðarinnar. Honum er falið að vinna greinargerðina áfram. Formanni og varaformanni falið að rýna greinargerðina að því loknu. Greinargerðin mun verða send nefndinni til yfirlstrar um leið og hún er tilbúin, svo hægt verði að leggja hana fyrir á næsta fundi nefndarinnar þann 15. ágúst.*
3. Loftlagsstefna höfuðborgarsvæðisins kynning - Herdís Sigurgrímsdóttir VSÓ. *Herdís kynnti vinnuna sem fór fram við gerð loftlagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Fram kom í máli hennar að hægt væri að gera sambærilega útreikninga fyrir aðra landshluta eins og gert var við útreikning á kolefnisspori höfuðborgarsvæðisins. Samgöngur væri sennilega stærsti losunarflokkurinn á Suðurnesjum en undir hann falla vegasamgöngur, flug og skipaflutningar. Jafnframt kom fram í máli hennar hvaða losunarflokka sveitarfélögin gætu haft áhrif á. Dæmi um það er málaflokkar eins og innviðir, þjónusta og skipulag.*
4. Beiðni um umsögn vegna nýs deiliskipulags fyrir lághitaholur við Vogshól, nr. 0622/2024. <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/622>  
*Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemdir við aðal- og deiliskipulag fyrir lághitaholur við Vogshól.*
5. Önnur mál.  
*Atli Geir Júlíusson sat sinn síðasta fund í nefndinni en hann er að láta af störfum hjá Grindavíkurbæ. Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja þakkar honum fyrir gott samstarf á undanförum árum.*

Ekki fleiri mál færð til bókar og fundi slitið kl. 17:10.